

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulaginu „Sjálund“.

Breytingin varðar lóðir við Nýhöfn 2-6, Löngulínu 16, 20-32 og 33-35 og felur í sér að heimilt verður að hækka kóta aðalhæðar umræddra húsa um 20 sm vegna hárrar sjávarstöðu. Hækkunin hefur þó ekki áhrif á heildarhæð húsanna. Einnig að gert verði ráð fyrir aukningu á flatarmáli bílakjallara sem nemur 10 fermetrum á hverja íbúð. Íbúðafjöldi að Löngulínu 20-26 breytist úr 35 í 34 en að Löngulínu 28-32 úr 20 í 21. Sú breyting hefur ekki áhrif á heildarbyggingarmagn ofanjarðar.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi

Garðabæ, 28. október 2008.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2008